

## Útihátíð

Í austri rétt við Eyjafjörð  
af ábyrgð tel mig snauðan.  
Í rökkri fell í rakan svörð,  
rumska seinna á votri jörð  
og vankaður ég vakna eftir dauðann.

Kvalinn fyrir kvöldið geld,  
kaldur þrái bæinn.  
Sveipa um mig feimnisfeld,  
flökurt inn í tjald mitt held  
og bölvu þeim sem bjóða góðan daginn.